

**Sp.**

**199. Tillaga til þingsályktunar**

**[106. mál]**

um jöfnunarverð á olíum og benzíni.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að útsöluverð á gasolíu og brennsluolíu (fuel oil) verði ákveðið hið sama á öllum stöðum á landinu, þar sem oliuflutningaskip, sem annast flutninga milli hafna, geta losað á birgðageyma oliufélaga og olíusamlaga. Einnig að útsöluverð á benzíni verði hið sama um allt land, þar sem það er selt frá benzíndælum.

**Greinargerð.**

Olíu- og benzínmál hafa verið rædd nokkuð á undanförunum þingum, bæði í sambandi við athugun á verðlagningu þessara vörutegunda og um verðjöfnun á þeim.

Á þingskjali 115 beindi ég fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi olíu- og benzínverð. Sömuleiðis hvað liði framkvæmdum með að koma á verðjöfnun á þessar vörutegundir, eins og þingsályktun frá 28. febrúar s. l. kvað á um. Viðskiptamálaráðherra svaraði fyrirspurninni. Taldi hann vafasamt, að nefnd þingsályktun fæli í sér skýlaus tilmæli til ríkisstjórnarinnar að hlutast til um að koma á verðjöfnun á olíum og benzíni. Tel ég því rétt að bera á ný fram tillögu til þingsályktunar um jöfnunarverð á olíum og benzíni, í þeirri von, að hún kveði nógu greinilega á um vilja Alþingis í þessu efni, ef hún verður samþykkt.

Óhætt er að fullyrða, að mikill hluti þjóðarinnar telur, að hér sé um réttlætismál að ræða. Þá má og benda á það, að oliufélögin hafa um langt skeið viðurkennt réttmæti þessarar tilhögunar með því að selja allar smurningsolíur á sama verði, hvar sem er á landinu.